

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 35 21. janúar 1978.

Félagsmálaráðuneytið, 12. janúar 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á samþykkt um stjórn bæjarmálefna Húsavíkurkaupstaðar
nr. 231 31. maí 1978.

1. gr.

4. töluliður C liðar 38. greinar orðist svo:

Þrjá menn í heilbrigðisnefnd, þar af einn innan bæjarstjórnar, og jafn marga til vara kosna á sama hátt. Héraðslæknir og héraðsdýralæknir eiga rétt til setu á fundum samkvæmt lögum með málfrelsi og tillögurétti.

Samþykktarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Húsavíkur hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 16. janúar 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Gljúfurár.

1. Félagið heitir Veiðifélag Gljúfurár.
Heimili þess og varnarþing er að Hnjúki.
2. Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Gljúfurá og vatnasvæði hennar. En þær eru: Miðhóp, Þingeyrasel ásamt hluta af Víðidalsfjalli og Kornárselslandi, Hólabak, Uppsali, Breiðabólsstaður I og II, Hnjúkur, Helgavatn, Flaga Gilsstaðir, Kornsa I og II, landið Fremrihlíð, eigendur upprekstrarfélags Ás og Sveisstaðahrepps að hálfu móti bræðrunum Jóni Hannessyni Nautabúi og Bjarna Hannessyni Undirfelli.
3. Verkefni félagsins er, að gera ána fiskgenga, viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, ásamt ræktun árinna, og að leigja hana til stangaveiði.
Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.
4. Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig,

að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandi eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram.

Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurskoðningu, nema sérstök forföll hamli, eða hann hafi verið í stjórn í þrjú ár.

Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaður og annar endurskoðandi gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

- Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins á milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir.

Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

- Aðalfund skal halda í marsmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári.

Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

- Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikninga í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

- Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá.

Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

- Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76, 1970 um lax og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 17. janúar 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegssráðuneytisins á grundvallarverði á verkuðum saltfiski (þorski) fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. ágúst 1978 annars vegar og frá 1. september til 31. desember 1978 hins vegar, og er þá átt við það tímabil, sem hinn óverkaði saltfiskur, sem til þurrkunar fer, er framleiddur á.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, staðfestir ráðuneytið hér með eftirfarandi grundvallarverð á verkuðum saltfiski (þorski) fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. ágúst 1978 annars vegar og frá 1. september til 31. desember 1978 hins vegar, og er þá átt við það tímabil, sem hinn óverkaði saltfiskur, sem til þurrkunar fer, er framleiddur á: